

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag Urðarlautar í landi Skálmholts.

Í skipulaginu felst að á 1,4 ha spildu er heimilt að reisa 360 m² íbúðarhús ásamt bílgeymslu, hámarkshæð 6,5 m og allt að 600 m² fjölnota geymslu, hámarkshæð 8 m. Innan spildunnar eru 37 m² frístundahús og 22 m² gestahús og er heimilt að stækka þær byggingar í 170 m², hámarks-hæð húsa er 6 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. nóvember 2015.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. desember 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016